


Ekki keyra á hreindýr!



Hreindýr á Háreksstaðaleið. Ljósmynd. SGP

Árekstrar við hreindýr verða einkum á veturna þegar aðstæður til aksturs eru slæmar, hálka, myrkur og lélegt skyggni á sama tíma og hreindýr leita í auknum mæli niður á láglandið í nágrenni við vegi. Keyrt hefur verið á am.k. 295 dýr á tímabilinu 1999 til apríl 2018. Æskilegt er að draga eins og hægt er úr árekstrum við hreindýr, mönnum og dýrum til heilla.

Fjöldi dýra sem ekið er á er sveiflukenndur milli ára og munar þar mestu um hvort ekið er á einstök dýr eða hópa dýra. Breytilegt árferði og dreifing dýra hefur líka áhrif. Flestar ákeyrslur (62%) verða frá október og fram í janúar og fáar (3%) yfir sumarið, frá júní til september. Árekstrar eru langtíðastir á vegkaflanum frá Höfn að Djúpavogi hvort sem litið er til alls ársins (30%) eða einstakra tímabila. Ekki virðist sem fjölgun í stofninum leiði til tíðari árekstra, né heldur virðist aukin umferð hafa áhrif á fjölda árekstra. Undanfarnin ár hefur ákeyrslum fækkað á sama tíma og dýrum hefur fjölgað og umferð hefur aukist um Austurland.



Til vinstri: Ákeyrð hreindýr (grænir pkt) og varúðarskilti Vegagerðarinnar (rauðir/appelsínugulir þríhyrningar).
Til hægri: Fjöldi ákeyrðra dýra á ólíkum vegköflum allt árið um kring.



Til að draga úr árekstrum við hreindýr er mikilvægt að skilja hvar og hvenær þeir verða helst og merkja vel þá staði. Vegagerðin mætti fjölga hreindýrahættumerkingum og endurskoða staðsetningu þeirra. Æskilegt er að allar upplýsingar um ástand vega komi fram á sama stað og því er mikilvægt að upplýsingar um hreindýr nálægt vegum verði hluti af daglegu upplýsingakorti Vegagerðarinnar um færð og ástand á vegum landsins. GPS merkt dýr á hættulegustu svæðunum væru einnig mikill fengur þar sem þau gefa tíðar og mikilvægar upplýsingar um staðsetningu hópa, t.d. þegar skyggni er lélegt.